

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Hrossaræktarfélagið 100 ára
- Kvenfélagið

Næsti Pési kemur út 13. febr 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í síðas-
ta lagi

7 febrúar.

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Afmæli	4
Kvenfélagið	8
Reiðhöllin	11
Menningarráð	13
Strætó	14

Janúar 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 256. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu. Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi. Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Guðmundur Jónasson á “fjarstýringunni” í Límtrésverksmiðjunni.

Ljóm:SigSigm



Margrét Runólfsdóttir og Karl Gunnlaugsson með verðlaunagripi eftir nýafstaðið briddsmót

Ljóm:SigSigm

Sveitarstjórapistill

Nú er runnið upp nýtt ár, enn einu sinni. Áramót hafa í eðli sínu ákveðinn skurðpunkt í för með sér, bæði hjá fólki og fyrirtækjum. Fólkið gerir upp gamla árið og setur ný markmið og fyrirtæki loka bókum sínum og gera nýjar áætlanir. Sama er með sveitarfélagið og stofnanir þess. Nú fer að líða að því að það komi í ljós hvernig gekk á árinu 2011 og ný fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 liggur fyrir. Í henni eru línurnar lagðar og ákveðið í hvaða framkvæmdir á að ráðast á þessu ári. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að það verði nokkur hagnaður af rekstri sveitarfélagsins, ráðist verði í ákveðnar framkvæmdir og verkefni og það gert án þess að taka ný lán. Það er afar mikilvægt að rekstur sveitarfélagsins sé með þeim hætti að það ráði við venjulegan rekstur og minni háttar framkvæmdir án þess að það þurfi að taka lán fyrir þeim. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi nýrra sveitarstjórnalaga sem tóku gildi núna um áramótin og setja strangari fjárhagsreglur og aga á sveitarfélögin sem er gott mál. Ef þessi mál eru í lagi þá hefur sveitarfélagið frekar afl til að standa að stærri málum þegar þau koma upp og getur þá raunverulega verið virkt afl í samfélaginu. Þetta þýðir hins vegar að einhverjum kann að þykja að hann sé að borga of mikil gjöld en eins og áður segir verður að mínu mati þetta sameiginlega dæmi okkar að ganga upp á þessum nótum. Annars er ýmislegt í pípunum hjá okkur, haldið verður áfram með endurbætur á félagsheimili og skóla, ráðist í breytingar á aðstöðuhúsi við sundlaug, hresst aðeins upp á tæki og tól í íþróttahúsi, ein íbúð í Heimalandi endurnýjuð og ráðist í að mála þök og klæða að hluta íbúða á Vesturbrúnni. Þá verður haldið áfram að vinna í Ungmennafélagsgarðinum með öflugum stuðningi Skógræktarfélagsins og þá er fjármagni veitt til frekari uppbyggingar á Hrunaréttum. Stefnt er að því að leggja bundið slitlag á Smiðjustíginn á Flúðum og bæta gangstéttir og tengingar í því hverfi. Þá ætlar Hitaveitan að gera átak í að bæta dæluhúsið á Flúðum og ástandið við gömlu borholurnar á Flúðum. Almennt má segja að sveitarfélagið ætli að halda áfram að bæta fasteignir sínar og umhverfi en að mínu mati er afar mikilvægt að sveitarfélagið gangi fram með góðu fordæmi hvað það varðar. Margt hefur borið á góma á aðventunni en eitt er það þó sem ég vil hrósa sérstaklega fyrir og það eru allir tónleikarnir sem boðið var upp á hér í Hreppnum og nágrannasveitum. Það er með ólíkindum hvað mikið var í boði og til sóma því fólki sem að þessum viðburðum stóðu. Það var mjög gaman að sjá nýjar hugmyndir í tónleikahaldi og Hrunakirkja væri notuð til tónleikahalds en það virðulega hús skapar notalega umgjörð til slíkra viðburða. Þá hafa ljósin skinið um hátíðirnar og eins og í fyrra vil ég hvetja fólk til þess að leyfa þeim að lifa aðeins út janúar til að segja myrkrinu stríð á hendur. Brennargar hreppsins stóðu sig einnig vel en nú voru bæði opinberar brennur á áramótum og laugardagsþrettandanum sem sómi var að. Ég vil þakka þeim sem stóðu að brennunum og vinnunni í kring um þær og Björgunarsveitinni sérstaklega fyrir glæsilega flugeldasýningu sem hrósað hefur verið í næstu sveitum. Þessa viðburði verður líka að skoða sem hluta af ferðapjónustu í Uppsveitum því það eru mjög margir sem sækja slíka viðburði ef boðið er upp á þá. Að lokum vil ég minna á að nú er víst skollinn á vetur í bili og það þýðir að snjómokstur er hluti af tilverunni. Vil þakka þeim sem við það vinna og þeim íbúum sem leggja þeim lið við að halda uppi greiðum samgöngum. Bið ég fólk að sýna almenna tillitssemi og þolinmæði við þessar aðstæður og muna að öll el styttr upp um síðir.

Megi nýtt ár færa okkur öllum gleði og gæfu.

Jón G. Valgeirsson

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

AFMÆLI, AFMÆLI, AFMÆLI!!!

Nú er runnið upp árið 2012 og Hrossaræktarfélag Hrunamanna verður 100 ára 25.janúar.

Af því tilefni verður stór dagur laugardaginn 11. febrúar.

Fljótlega upp úr hádegi verður málþing í Félagsheimilinu á Flúðum, þar mæta þeir Ágúst Sigurðsson fyrrv. hrossaræktarráðunautur og Gunnar Arnarsson hrossaræktandi með meiru og verða með fróðleg erindi. Gestum gefst svo færi á að spyrja þá félaga spjörunum úr.

Um kvöldið verður hátíðarkvöldverður þar sem þessara tímamóta verður minnst með veglegum hætti, skemmtikraftar og smá ræðuhöld.

Fólk er beðið að taka daginn frá eins og hann leggur sig.

Við viljum ítreka beiðni til fólks sem á myndir af hrossunum sínum og eru til í að lána þær í smá tíma að láta okkur vita.

Afmælisnefndin: Einar Logi s: 899 5639, Palli Núpstúni s: 893 5622 og Magga Túnsbergi s:849 0546.

Hinir árlegu sparidagar á Hótel Örk, hefjast að þessu sinni 27. febrúar til 2. mars 2012.

Þessa viku verða Sunnlendingar, Reykvíkingar, Mosfellingar.

Nánari upplýsingar og skráning fyrir 10 febrúar hjá

Eiríki, s:486-6545 og 861-0272

Happdrætti SÍBS

Umboðið er hjá Sólveigu Ólafsdóttur Vesturbrún 12, Flúðum.
Sími er 861-2273

Miðaeigendur vinsamlega hafið samband við Sólveigu.
Miðaverð er 1100 kr. mánuðurinn og 13.200 kr ársmiði.

Dregið í 1. flokki 13. janúar

Með kveðju, Sólveig Ólafsdóttir

Messur í Hrunaprestakalli.

22.janúar: Hruni kl: 11:00,- Ólafsvellir kl: 14:00
5. febrúar: Hreppólar kl: 11:00,- Stóri Núpur kl:14:00

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi laugardaginn 21. janúar 2012

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Vinir Tungnarétta

Stofnfundur vina Tungnarétta verður haldinn í Skálanum í Myrkholti föstudagskvöldið 3.febrúar kl.20:00.
Allt áhugafólk um sögu og framtíð Tungnarétta hjartanlega velkomið.

Undirbúningsnefnd (Frekari upplýsingar 898-1594 Brynjar)

Íbúð til leigu.

Íbúðin á Vesturbrún 16 Heimalandi á Flúðum er laus til leigu.

Um er að ræða íbúð fyrir eldri borgara.

Umsóknum skal skila á Skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi
miðvikudaginn 25. janúar 2012.

Upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 480 6600 eða á netfang:
jon@fludir.is

Saltsteinar - Steinefni - Bætiefni



Saltsteinn Natur

Innihaldi:

Salt 100,0%
Þar af Natríum 38,5%

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.



Saltsteinn Plus

Saltsteinn með:
Sink, Mangan, Jöð,
Kóbalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, hross,
sauðfé

10 kg.

Uniblock Steinefnablokk



10 kg.

Selenrík stein- og
bætiefnablokk sem hentar
sérlega vel fyrir sauðfé en
einnig fyrir nautgripi og hesta

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Selenrík stein- og bætiefnafata
sem hentar sérlega vel fyrir
sauðfé en einnig fyrir nautgripi
og hesta

Steinefnafata- Mineraleimar Plus



25 kg.

Steinefnafata sem hentar
fyrir nautgripi og hross.
Inniheldur kopar og hentar
ekki fyrir sauðfé

Hestamúslí - Hestakögglar



Besterly Herbic hestamúslí



Besterly Herbic hestamúslí er mjög
lystug blanda af úrvals korni,
grænmetisolium ásamt ýmsum
vítáminum og jurtum. Besterly Herbic
hestamúslí er bragðgott, eykur
heilbrigði og bætir meltinguna. Með
góðu gróffóðri er gott að gefa hestum
í þjálfun 1 – 2 kg. af Besterly Herbic
hestamúslí á dag.
Besterly Herbic hestamúslí
er í 15 kg. þokum



Besterly Vitalic hestaköggla



Besterly Vitalic hestakögglar eru með háu steinefna
og vítámin innihaldi. Besterly Vitalic er einkum
ætlað sem viðbótarfóður með góðu gróffóðri fyrir
hesta í þjálfun.
Ef gefið er ½ - 1 kg. af Besterly Vitalic daglega
ásamt góðu gróffóðri fær hesturinn öll næringarefni
sem hann þarf.
Besterly Vitalic hestakögglar eru í 25 kg. þokum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.



ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps – kveðja til ykkar allra í samfélaginu í upphafi nýs árs

Þorralót 2012 – 28. janúar

Frá þorralótsnefnd/fjáröflunarnefnd

Mínum á þorralótið sem haldið verður laugardaginn 28. janúar nk. Þorralót Kvenfélagsins hefur svo sannarlega slegið í gegn og reynst frábær fjáröflun en eins og allir vita rennur allur ágóði þess til góðgerðarmála. Sami háttur verður hafður á og undanfarin ár þar sem gestir taka með sér trog með þorramat, frábær veislustjóri mun stjórna borðhaldi og dansi og flutt verða alveg ótrúleg minni karla og kvenna. Tilvalið tækifæri fyrir brottflutta, nýflutta, löngu flutta og bara vini og kunningja að koma á frábæra skemmtun með okkur hér í sveitinni.

Takið daginn frá !!! Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.

Frá Freyjusjóði – styrktarsjóði Kvenfélags Hrunamannahrepps

Kvenfélagi Hrunamannahrepps er það mikið ánægjuefni að geta stutt við bakið á ungum konum sem hafa sýnt framfarir, hjálpssemi, fórnfýsi, uppbyggjandi starf fyrir samfélagið og/eða ágætan árangur á einhverju sviði. Með stofnun **Freyjusjóðs** er okkur hjá Kvenfélagi Hrunamannahrepps gert kleift að styðja ungar konur úr samfélaginu og þannig hvetja þær áfram til dáða og góðra verka. Þó er ekki alltaf hægt að verða við umsóknum og er það svo þetta árið. Hefur stjórn sjóðsins ákveðið að hafna öllum umsóknum þar sem engin umsóknanna þótti fylla skilyrði fyrir styrkveitingu.

Um leið og við hvetjum ungar konur á aldrinum 16-25 ára að sækja um hjá **Freyjusjóði** viljum við jafnframt leggja áherslu á ósk okkar um vönduð vinnubrögð við umsóknirnar og góð rök fyrir umsókn. Hafa þarf forsendur styrkveitingar í huga en þær liggja fyrir í reglum sjóðsins. Sjá nánar á heimasíðu Hrunamannahrepps, www.fludir.is undir tengli menningar og mannlífs.

Frá námskeiðanefnd

Fyrirhugað er að halda námskeið í skyndihjálp. Nánar auglýst síðar.

Afmælisár

Árið 2012 munum við með ýmsum hætti minnst þess að 70 ár eru liðin frá stofnun Kvenfélags Hrunamannahrepps. Ýmislegt er þegar í undirbúningi og margar hendur sem leggja þar hönd á plóg. Má m.a. nefna að í vinnslu er útgáfa rits um sögu félagsins og opnun heimasíðu. Jafnframt er ferðanefnd að vinna að undirbúningi að ferðalagi innanlands eða utan.

Þakklæti

Okkur langar að þakka öllum sem með einum eða öðrum hætti hafa stutt við starf okkar síðastliðið ár sem og öll árin þar á undan. Síðasta ár hefur einkennst af miklu annríki í félaginu okkar og má þar bæði tala um góðar og gefandi stundir við gleði og samstarf en jafnframt erfitt og krefjandi starf þar sem heilmikið hefur mætt á hverri og einni félagskonu. Viljum við því fyrst og fremst þakka félagskonum okkar fyrir þeirra óeigingjörnu vinnu og þann tíma sem þær hafa gefið félaginu. Það er ómetanlegt að finna að málaleitan okkar er yfirleitt alltaf vel tekið og þær sem kallaðar eru til starfa eða beðnar um að leggja hönd á plóg, gera það ávallt af óeigingirni og lítillæti. Einnig þökkum við allan almennan stuðning og jákvæðni samfélagsins alls í okkar garð.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á þorablótinu sem er orðin ein af okkar aðalfjáröflunum um leið og við skemmtum okkar saman.

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps

Jóganámskeið á Flúðum

10 tíma jóganámskeið hefst fimmtudaginn 19. janúar. Boðið er upp á 1 frían prufutíma. Tímarnir verða á fimmtudögum kl. 17:30 - 18:45.

Áhersla verður lögð á mjúkar og liðkandi æfingar, djúpa endurnærandi öndun og í lok hvers tíma er góð slökun.

Allir eru velkomnir, bæði bytjendur og þeir sem eru vanir jógaiðkun. Jóga hentar fólki óháð aldri og líkamsástandi, því hér lærum við að hlusta á líkamann og hver og einn fer eftir eigin getu. Við æfum okkur í að vera með athyglina á okkur sjálfum og samanburður við þá sem eru í kringum okkur er bannaður.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða 4866777

Ég hlakka til sjá ykkur.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Volare®



Er með til sölu hágæða heilsu og snyrtivörur sem er fyrir alla, ungabörn, krakka, konur og karlmenn. Góð tilboð eru á valinni vöru í hverjum mánuði, svo allir geta keypt sér góða vöru á góðu verði.

Kristín Magdalena Ágústsdóttir,
söluráðgjafi Volare.

krima@mi.is

GSM: 690-4541

Minni á vefsíðu Volare [.www.volare.is](http://www.volare.is)

Eydís Björk Davíðsdóttir,
sölu og markaðsfulltrúi Volare
eydis@tpostur.is



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



Húsasmíðar

Innréttingar

Vélaleiga

Gröfur o.fl.

Frá Reiðhöllinni á Flúðum

Sala árskorta er hafin
á nýjan leik.

Fyrirkomulag og
verð er óbreytt frá
fyrra ári, þeas hægt
er að velja um tvær

tegundir af aðgang, einstaklings- og fjölskyldukort. Einstaklingskort er eingöngu ætlað korthafa, en fjölskyldukort gildir fyrir *korthafa, maka hans og börn 18 ára og yngri*. Mikilvægt er að korthafar virði þær lágmarksreglur. Korthöfum er frjálst aðgangur að húsinu milli kl. 8 og 23 daglega svo fremi sem ekki er skipulögð dagskrá í húsinu. Hægt er að nálgast upplýsingar um skipulagða dagskrá á heimasíðu Smára www.smari.is undir TÍMATAFLA OG DAGSKRÁ og einnig nánari upplýsingar um skilmála árskorta og verðskrá.

Verð fyrir félagsmenn í Smára og Loga eru eftirfarandi:
einstaklingskort, kr. 11 þús auk vsk og fjölskyldukort 18 þús auk vsk, . Hægt er að panta árskort í s: 897 7623 eða á netfanginu helgikj@mmedia.is.

Stjórnin



Til sölu vefstóll, vefur 1,20 m á breidd.
Upplýsingar í síma 486 6725 og 869 1341

VIÐVERA MENNINGARFULLTRÚA Í SVEITARFÉLÖGUM

Menningarráð Suðurlands auglýsir viðveru menningarfulltrúa í sveitarfélögum á Suðurlandi vegna úthlutunar á menningarstyrkjum 2012. Allir sem hafa áhuga á að hitta menningarfulltrúa eru beðnir um að panta tíma simleidis (896-7511) eða í tölvupósti (menning@sudurland.is). Einnig er hægt að óska eftir viðtölum á öðrum tímum. Skrifstofa menningarfulltrúa er að Austurvegi 65, 800 Selfoss.

Vestmannaeyjabær í ráðhúsinu, Vestmannaeyjum	Föstudagur 06.01.2012	kl. 16:00-18:00
Hornafjörður Nýheimar	Þriðjudagur 10.01.2012	kl. 10:00-12:00 og 14:00-16:00
Bláskógabyggð Hreppsskrifstofa Aratungu	Mánudagur 16.01.2012	kl. 12:30-14:30
Grímsnes- og Grafingshreppur Stjórnsýsluhúsinu, Borg	Þriðjudagur 17.01.2012	kl. 10:00-12:00
Arborg - Stokkseyri Grunnskólanum á Stokkseyri	miðvikudagur 18.01.2012	kl. 12:00-13:30
Flóahreppur Þingborg	fimmtudagur 19.01.2012	kl.12:00-14:00
Skeiða- og Gnúpverjahreppur Sveitarskrifstofa Árnesi	Föstudagur 20.01.2012	kl. 10:30-12:30
Arborg - Eyrarbakki Skrifstofa Byggðasafnis Arnessýslu	Mánudagur 23.01.2012	kl. 12:00-13:30
Hrunamannahreppur Skrifstofa Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum	Þriðjudagur 24.01.2012	kl. 12:30-14:00
Sveitarfélagið Ölfus Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn	Mánudagur 30.01.2012	kl. 10:00-12:30
Hveragerðisbær Bæjarskrifstofu, Sunnumörk 2, Hveragerði	Þriðjudagur 31.01.2012	kl. 10:30-12:30
Asahreppur Hreppsskrifstofa á Laugalandi	Miðvikudagur 01.02.2012	kl. 10:30-12:00
Skaftárhreppur Hreppsskrifstofa á Kirkjubæjarklaustri	Föstudagur 03.02.2012	kl.12:00-13:30
Mýrdalshreppur Hreppsskrifstofa, Vík í Mýrdal	Föstudagur 03.02.2012	kl. 15:30-16:30
Rangárþing eystra Skrifstofa Rangárþings eystra, Hvolsvöllur	Mánudagur 06.02.2012	kl. 11:00-13:00
Rangárþing ytra Skrifstofa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegur 1, Hella	Þriðjudagur 07.02.2012	kl. 11:00-13:00

Viðtalstímar í **Arborg** (Selfoss) eftir samkomulagi.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á
Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



S.S. fréttir.

Deildastjórafundur 2011, var haldinn í mötuneyti S.S. Hvolsvelli, 16. Des. sl. Steinþór forstjóri, og Hallfreður stjórnarformaður, fóru yfir ýmiss mál varðandi rekstrarsvið félagsins. Endurskipulagningu á fjárhag þess er nú að mestu lokið, sem verður til þess að allur rekstur stendur mjög vel, og afkoman jafnvel aldrei betri. Svipuð staða er í áburðar og fódursölu, milli ára. Nýr deildarstjóri þessarar deildar hefur tekið við af Hafdísí. Hún heitir Elín Bergsdóttir og býr í Önundarholti í Flóa. Greint verður ýtarlega frá rekstri félagsins á árlegum deildafundi fyrir Skeiða-Gnúpverja og Hrunamannahreppa, sem haldinn verður að Brautarholti þriðjudaginn 21. febrúar nk. Kl.20:30. Nánar auglýst síðar. Hvet alla til að sækja þann fund, því margt frjólegt og spennandi mun koma þar fram, og spurningum ykkar svarað. Endilega fylgjast líka með fréttavef félagsins, www.ss.is.

Bestu kveðjur og nýjársóskir með þökk fyrir samstarfið, á liðnu ári.

F.h. Sláturfélags Suðurlands Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Ágætu Smárafélagar

Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram til formennsku hjá félaginu, ég tel þetta vera orðið gott eftir 8 ára starf sem formaður og 10 ára setu í stjórn.

Þetta hefur verið skemmtilegur tími og lærdómsríkur, ég hef unnið með góðu fólki og kynnst mörgum skemmtilegum persónum á þessum tíma bæði innan félags og utan. Það hafa að sjálfsögðu skipst á skin og skúrir í starfinu en samt hefur þetta gengið vel að mínu mati. Það er ýmislegt sem stendur uppúr t.d fjölgun félaga og hversu vel hefur tekist að halda utanum æskulýðsstarfið.

Við byggðum reiðhöll í samstarfi við fyrirtæki, einstaklinga, hestamannafélagið Loga og sveitarfélögin. Það sjálfboða vinnustarf sem unnið hefur verið við húsið er einstakt og sýnir hvað við getum gert ef við vinnum saman. Húsið tel ég hafa breytt mörgu og á eftir að breyta mörgu í hestamennskunni í uppsveitunum.

Eitt sem er ofarlega í huga er að fá fólk til að starfa fyrir félagið, það hefur oftast gengið vel en lendir oftast en ekki á sömu aðilum sem eru hvað virkastir í starfinu. Hvet ég alla til að leggja sitt að mörkum sem til er leitað og þá sem langar að starfa að koma sér á framfæri því þetta er skemmtilegt og gefandi starf og félagar kynnst og sjá betur í hverju starfið er fólgið.

Fólk verður að gera sér grein fyrir því að ef viðkomandi er skráður í félag skal sá hinn sami gera ráð fyrir því að þurfa vinna fyrir félagið í nefndum eða ráðum á einhverjum tímamarki. Margir félagar hafa unnið frábært starf og ber að þakka það málið er nefnilega að það sést ekki alltaf og ekki áþreifanlegt sem gert er. Að lokum vil ég þakka því frábæra fólki sem ég hef unnið með í gegnum tíðina fyrir gott samstarf og óska því velfarnaðar.

Virðingarfyllt

Guðni Árnason fráfarandi formaður Hestamannafélagsins Smára

Strætó á Suðurlandi

Akstur hófst á fimm nýjum leiðum í ársbyrjun; leið 51 (Mjódd – Hveragerði – Selfoss – Hvolsvöllur – Vík – Skaftafell – Höfn), leið 52 (Reykjavík – Hveragerði – Selfoss – Hella – Hvolsvöllur – Landeyjahöfn), leið 71 (Hveragerði – Þorlákshöfn – Hveragerði), leið 72 (Selfoss – Borg – Laugarvatn) og leið 73 (Selfoss – Flúðir). Á sumum þessara leiða (72 og 73) þarf að bóka ferð með minnst tveggja tíma fyrirvara í síma 540 2700 og á leið 51 þarf að panta far milli Víkur og Hafnar fyrir kl. 18 daginn áður.

Upplýsingar um strætósamgöngur á Suðurlandi er að finna á vefnum www.straeto.is.

Bjarkarhóll



Dúndurútsala í janúar.

40% afsláttur af öllu garn.is garni.

Alpaca

Fever

Whistler

Frapan

Sumo

Lyppa

Fífa

Tyra

40% afsláttur af dýraleirtauu .

20% afsláttur af Drops garni.

20 % afsláttur af skarti og slæður.

Opið alla daga frá kl 12-18.



Skálað við brennuna í Miðfellshverfinu .

Ljós:SigSigm



16

Arndís Eiðsdóttir prufar nýjasta tækið(cross trainer) í tækjasalnum í Íþróttahúsinu....

Ljós:HK